



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum (fyrirkomulag tollafgreiðslu og tollgæslu). Mál á þingmálaskrá 150. löggjafarþings 2019-2020.
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	11. júní 2019.

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

Með tilfærslu á tollafgreiðslu og tollgæslu frá tollstjóra til ríkisskattstjóra er stefnt að aukinni skilvirkni og hagkvæmni í skattframkvæmd. Framfarir í upplýsingatækni liðinna ára hafa umbylt hugmyndum og aðferðum við veitingu opinberrar þjónustu. Það eru mikil tækifæri til að styrkja þjónustu og stjórnarsýslu ríkisskattstjóra og tollstjóra með nýtingu upplýsingatækni og aukinni samþættingu verkefna, sem leiðir til meiri skilvirkni, minni kostnaðar og bættrar þjónustu fyrir almenning og fyrirtæki. Þannig má reikna með að samfélagslegt hagræði og fjárhagslegur ávinningur verði meiri en áður sem efla mun starfsemina og lækka kostnað við rekstur skattkerfisins í heild án þess að það bitni á þjónustu og afköstum skattfyrivalda. Til framtíðar þarf að skapa starfseminni umgjörð sem stuðlar að hagkvæmni, samþættingu og samlegð. Í því sambandi er nauðsynlegt að huga að skipulagningu húsnæðismála en ljóst er að af því verður ekki á næstu misserum.

Gert er ráð fyrir því að sá kostnaður sem til fellur við tilfærsluna rúmist innan fjárheimildar í málaflokki 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.

2. Tekjubreytingar

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

3. Útgjaldabreytingar

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

4. Eignabreytingar

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
- Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
- Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
- Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
- Rekstrarform ríkisstarfsemi
- Opinber innkaup og útboð
- Eignaumsýsla ríkisins
- Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna

- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

- Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**
 - í gildandi fjárlögum - Nei
 - í fjárlagafrumvarpi komandi árs - Nei
 - í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar - Nei
- Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?** Þær lagabreytingar sem lagðar verða til í frumvarpinu munu ekki hafa teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum. Útgjöld ríkissjóðs gætu hugsanlega lækkað vegna lækkunar kostnaðar við rekstur tolla- og skattkerfisins.
- Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?** Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

- Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið** Á ekki við.
- Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnáslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**

Með tilfærslu á tollafgreiðslu og tollgæslu frá tollstjóra til ríkisskattstjóra er stefnt að aukinni skilvirkni og hagkvæmni í skattframkvæmd.
- Samkeppnisskilyrði** Á ekki við.
 - Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)
 - Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)
 - Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd)
 - Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

D. Önnur áhrif

- Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Á ekki við.
- Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

Á ekki við.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

Á ekki við.

4. Áhrif á byggðalög

Á ekki við.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök

Á ekki við.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum

Á ekki við.

7. Áhrif á lýðheilsu

Á ekki við.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Á ekki við.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Á ekki við.

10. Áhrif á stjórnslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Samráð hefur verið haft við tollstjóra og ríkisskattstjóra sem eiga fulltrúa í nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðherra um aukna skilvirkni í skattframkvæmd, álagningu og innheimtu opinberra gjalda. Ekki er gert ráð fyrir að langan tíma þurfi til undirbúnings/aðlögunar.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Frumvarpið hefur áhrif á ríkisaðila og skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Á heildina litið má ætla að áhrif frumvarpsins á ríkissjóð verði óveruleg en það leiði til betri samþættingu starfsemi stofnananna, þannig að tollafgreiðsla og tollgæsla verði í senn einfaldari, skilvirkari og hagkvæmari. Útgjöld ríkissjóðs gætu hugsanlega lækkað vegna lækkunar kostnaðar við rekstur tolla- og skattkerfisins. Gert er ráð fyrir því að sá kostnaður sem til fellur við tilfærsluna rúmist innan fjárheimildar í málaflokki 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Huga þarf að skipulagi húsnæðismála en ljóst er að skapa þarf starfseminni umgjörð sem stuðlar að hagkvæmni, samþættingu og samlegð. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur verið beðin um að ráðast í frumathugun á húsnæðismálum breyttrar stofnunar.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat) Áformaðar eru breytingar sem fela í sér tilfærslu á tollafgreiðslu og tollgæslu, sem tollstjóri annast nú, til ríkisskattstjóra. Styrkja má stjórnslu sem varðar verkefni tollstjóra og ríkisskattstjóra með langtum betri samþættingu starfsemi stofnananna, þannig að tollafgreiðsla og tollgæsla verði í senn einfaldari, skilvirkari og hagkvæmari auk þess sem

þjónusta batni. Mikilvægt er að standa vel að breytingastjórnun og halda starfsmönnum upplýstum. Þá þarf að huga að skipulagi húsnæðismála.

4.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR? Já**
2. **Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma? Á ekki við.**
3. **Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin? Á ekki við.**